

## Samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárpings ytra 2014 – 2018

### Fundur nr. 5

Haldinn: Mánudagur 10. ágúst 2015 kl. 17.00

Mættir: Engilbert Olgeirsson, Steindór Tómasson, Jóhann Björnsson, Sævar Jónsson, Gyða Á. Helgadóttir.  
Einnig mættu á fundinn: Ágúst Sigurðsson sveitastjóri,

Staðsetning: Í fundarsal í kjallaranum í Miðjunni á Hellu.

#### Efni fundarins:

##### 1. Styrkvegaframkvæmdir í ár

2,5 milljónir bárust í styrk frá Vegagerð til styrkvegaframkvæmda í ár. Styrkféð er of lítið til að ná að halda öllum vegum við í sveitafélaginu. Þrátt fyrir mjög mikla notkun um þessa vegi. Árleg heflun styrkvega hefur farið fram. Ekki næst að hefla alla styrkvegi á hálendinu sem til stóð vegna snjóalaga.

Vantar merkingar á víðfarna vegi á hálendinu og einnig merkja vegina m.t.t. vegagerð (td. 4x4). Vegagerðin þarf að taka að sér ákveðna vegi s.s. Hekluveginn og þar sem þjónusta er til staðar. Lágmarkskrafa okkar er að það sé malbikaður vegur að Heklu.

Umhverfismál að hafa almennilega vegi til að varna utanvegaakstri þar sem vegir eru slæmir. Það þarf að gera heildrænt mat á vegum þannig að það sé lagt sambærilegt fé í sambærilega vegi. Þurfum að virkja þingmenn kjördæmisins til að beita sér í þessu máli.

Ósk hefur borist frá starfsmanni UST að Fjallabaki að borið verði í Styttung af Dómadalsleið að Landmannahelli. Búið er að loka veginum. Bera þarf í veginn í framhaldi af viðgerðinni sem var gert við á síðasta ári en mikill utanvegaakstur hefur orðið þar sem vegurinn er verstur. Formanni falið að gera verðkönnun miðað við að laga vegkaflann sem er um 1,5 km. og hefja framkvæmdir sem fyrst.

Vettvangsferð í sumar er áætluð 1.september. Skoða þarf veginn við Reynifell. Meta þarf að veita fé í veginn í Hungufit og Krók.

Styrkvegaframkvæmdir í ár. Taka þarf endanlega ákvörðun að lokinni vettvangsferð.

##### 2. Ástand vega í sveitarfélaginu

Kvartanir hafa borist um að leiðin um syðri fjallabak neðan Hafrafells sé slæmur. Bakkabæjarvegur er líka slæmur búið að malbika stuttan vegakafla um 2 km. Landvegurinn ofan byggðar mótis við Búrfell er slæmur það eru hraunnibbur víða upp úr veginum sem geta valdið skemmdum á bílum sem fara um hann. Það er mikilvægt að sveitafélagið leggi áherslu á að þrýsta á að vegurinn verði malbikaður í tengslum við leyfi til virkjanaframkvæmdir á svæðinu.

Rallýakstur á styrkvegum. Beiðni frá Bifreiðaklúbbi Reykjavíkur um rall 28. ágúst nk.

Lagt til að þetta verði heimilað ef Vegagerðin hefli veginn á eftir, hinsvegar verði ekki heimað að aka um Áfangagilsleið þ.e. Áfangagil að Dómadalsleið.

**3. Fjarskiptamál**

Ljósleiðaramál hafa gengið vel, allt gengið eftir sem lagt var upp með í vor að samnýta jarðvinnu t.d. með Rarik. Búið að leggja rör frá Hellu að Djúpadal og verið að leggja í Árbæjarveginn mótis við Snjallsteinshöfða og yfir ána. Gerður var samningur við Áshreppinga vegna ljósleiðaravæðingar til að gæta ítrustu hagkvæmni. Sveitafélagið þarf að taka ákvörðun um framhald verkefnisins sem allra fyrst.

**4. Erindisbréf nefndarinnar**

Það eru ekki til erindisbréf fyrir nefndir en það þarf að gera þau. Lagt til að formaður samgöngu- og fjarskiptanefndar ásamt formanni hálendisnefndar ræði við sveitastjóra um gerð erindisbréfa fyrir nefndirnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:20

Fundargerð ritaði Gyða Árný Helgadóttir

Gyða Helgadóttir

Sanna Jónsson

Ólafur Björnsson

Ólafur Þorgeirsson

Ólafur Þorgeirsson

Ólafur Þorgeirsson